

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018.

Frá 4. minni hluta fjárlaganefndar (BLG).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Samtals m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2</i>			
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla dómsmála			
1. Við 10.30 Sýslumenn			
Rekstrarframlög	2.871,9	300,0	3.171,9
11 Samgöngu- og fjarskiptamál			
2. Við 11.10 Samgöngur			
Heildargjöld	36.088,7	110,0	36.198,7
23 Sjúkrahúspjónusta			
3. Við 23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta			
Heildargjöld	80.073,6	3.050,0	83.123,6
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta			
4. Við 25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými			
Heildargjöld	41.618,6	560,0	42.178,6
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks			
5. Við 27.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir			
Rekstrartilfærslur	41.027,9	1.731,0	42.758,9
31 Húsnæðisstuðningur			
6. Við 31.10 Húsnæðisstuðningur 08 Velferðarráðuneyti			
Heildargjöld	9.392,6	12.000,0	21.392,6

Greinargerð.

Gerð er tillaga um eftirfarandi:

- 300 millj. kr. hækkun á framlagi til sýslumannsembætta til að tryggja rekstrargrundvöll þeirra.
- 110 millj. kr. hækkun á framlagi til hafnamála vegna lengingar Norðurgarðs í Grundarfirði.
- 3.050 millj. kr. hækkun á framlagi til sjúkrahúsa sem skiptist í tvennt. Annars vegar 2.750 millj. kr. til Landspítala til að bráðamóttökur, skurðstofur og aðrar þjónustueiningar verði fullmannaðar auk þess sem endurnýjun og viðhald tækja og húsa verði fjármögnuð. Hins vegar 300 millj. kr. til Sjúkrahússins á Akureyri vegna reksturs, tækjakaupa og vinnu við nýja legudeild.
- 560 millj. kr. framlag til heimahjúkrunar.

5. 1.731 millj. kr. framlag til hækkunar örorkulífeyris þannig að dregið verði úr skerðingu vegna tekna með tilfærslu úr sérstakri framfærsluuppbot í örorkulífeyri.
6. 12.000 millj. kr. framlag til húsnæðismála, þ.e. til nýbyggingar til sölu og útleigu til íbúa, í formi stofnframlags inn í Íbúðalánasjóð og hækkaðra framlaga inn í húsnæðissamvinnufélög.